

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

1. málslíður 8. mgr. 5. gr. reglnanna orðast svo: Í umboði rektors hefur framkvæmdastjóri stjórn-sýslu yfirumsjón og eftirlit með tilgreindum sviðum sameiginlegrar stjórn-sýslu háskólans, sbr. 8. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

- Núverandi 3. málslíður fellur brott.
- Núverandi 4. málslíður verður nýr 3. málslíður og orðast svo: Svið hinnar sameiginlegu stjórn-sýslu skólans eru: alþjóðasvið, framkvæmda- og tæknisvið, fjármálasvið, kennslusvið, markaðs- og samskiptasvið, mannauðssvið, upplýsingatæknisvið og vísinda- og nýsköpunar-svið.
- Tveir nýir málslíðir bætist við greinina á eftir núverandi 5. málslíð, svohljóðandi: Kennslu-svið, vísinda- og nýsköpunarsvið, markaðs- og samskiptasvið og alþjóðasvið heyra beint undir rektor. Framkvæmdastjóri stjórn-sýslu hefur í umboði rektors yfirumsjón með framkvæmda- og tæknisviði, fjármálasviði, mannauðssviði og upplýsingatæknisviði.

3. gr.

Seinni málslíður 3. mgr. 17. gr. reglnanna orðast svo: Deild er einnig heimilt að ákveða að gestakennarar, akademískir nafnbótarþegar og nýdóttorar, svo og fulltrúar fræðasetra háskólans sem tengjast deildinni og stundakennarar sem gegna viðamikilli kennslu, eigi sæti á deildarfundi, og er deild heimilt að kveða á um hvort þeir hafi atkvæðisrétt.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna:

- Núverandi f-liður 1. mgr. fellur brott.
- Aðrir stafliðir breytast samkvæmt ofangreindu.
- Núverandi 18. mgr. fellur brott.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Breytingar skv. 1., 2. og 3. gr. öðlast þegar gildi. Breytingar skv. 4. gr. öðlast gildi 1. júlí 2024.

Háskóla Íslands, 2. febrúar 2024.

Jón Atli Benediktsson.

Dórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 16. febrúar 2024

Leiðrétt skjal: 22. febrúar 2024